

# Ávísanir á lyfseðilsskylد

## lyf á Íslandi 2009

Júní 2010



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ  
*Directorate of Health*

*Heilbrigðistölf fræðisvið*

# Ávísanir á lyfseðilsskyld lyf á Íslandi 2009

Í þessari skýrslu er farið yfir lyfjaávísanir lækna árið 2009. Upplýsingar um lyfjaávísanir eru fengnar úr lyfjagagnagrunni landlæknis sem geymir upplýsingar um ávísanir lyfja sem afgreidd eru á lyfsölustöðum.

## Mælikvarðar

Í skýrslunni eru notaðir fjórir mismunandi mælikvarðar á lyfjaávísanir:

1. Fjöldi einstaklinga (eða hlutfall af heild) sem fengið hafa a.m.k. eina lyfjaávísun af ákveðnu lyfi.
2. Fjöldi nýrra notenda á hverja 1000 íbúa, þ. e. fjöldi þeirra sem fá ákveðið lyf en fengu ekki sama lyf árið áður.
3. Fjöldi lyfjaávísana á hverja 1000 íbúa.
4. Fjöldi „skilgreindra dagskammta“ lyfja (*Defined Daily Dosage – DDD*) sem er alþjóðlegur reiknaður mælikvarði á daglega lyfjanotkun ákveðins lyfs.

## Uppruni gagna

Lyfjagagnagrunnur landlæknis inniheldur upplýsingar af lyfseðlum sem læknar ávísa til einstaklinga og afgreiddir eru í apótekum. Sala lyfja sem ekki eru lyfseðilsskyld kemur ekki fram í gagnagrunninum né heldur lyfjanotkun á sjúkrastofnunum. Þar sem innlögnum á sjúkrahús og hjúkrunarheimili fjölgar mjög með hækkandi aldri kemur stór hluti af lyfjanotkun elstu aldurshópa ekki fram sem lyfjaávísanir í apótekum. Tölur úr gagnagrunninum voru bornar saman við heildarsölutölur til þess að áætla hversu stór hluti lyfjanotkunar kemur fram í lyfjagagnagrunni landlæknis.

Upplýsingar um heildarfjölda einstaklinga sem notaðar eru í útreikningum eru fengnar frá Hagstofu Íslands (sjá [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)).

## Flokkun lyfja

Lyf eru flokuð í samræmi við ATC (*Anatomical-Therapeutic-Chemical Classification*), flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálstofnunarinnar. ATC flokkunarkerfið skiptir lyfjum í 14 flokka (sjá töflu 2). Skráð lyf í hverjum lyfaflokki á íslenskum markaði eru tilgreind í Sérlyfjaskrá sem hægt er að sjá á vef Lyfjastofnunar, sjá [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is).

## Samanburður milli landa

Í skýrslunni er lyfjanotkun landsmanna borin saman við notkun lyfja í Noregi. Noregur var valinn þar sem þar er rekinn lyfjagagnagrunnur sem er sambærilegur við lyfjagagnagrunn landlæknis og upplýsingar úr honum eru aðgengilegar á veraldarvefnum. Við samanburð á lyfjaávísunum milli landa ber að hafa í huga að mismunandi reglur gilda innan landanna um lyfjaávísanir til fólks á sjúkrastofnunum og hversu mikið hlutfall þeirrar notkunar kemur fram í lyfjagagnagrunnum yfir ávísuð lyf.

**Ólafur B. Einarsson**  
Verkefnisstjóri

## Tafla 1. Hlutfall lyfjanotkunar eftir kyni, 2003 - 2009

*The ratio of prescriptions by gender in Iceland, 2003 - 2009*

Kyn/gender	Prósentuhlutfall af þjóðinni sem fékk a.m.k. eina ávísun/The ratio of the population receiving one prescription						
	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Bæði /both	72,0%	71,9%	73,8%	73,4%	73,7%	73,9%	73,3%
Karlar/males	65,3%	65,9%	67,6%	66,7%	67,0%	67,3%	66,6%
Konur/females	78,7%	78,0%	80,1%	80,3%	80,6%	80,8%	80,0%
Prósentuhlutfall af þjóðinni sem fékk a.m.k. Þrjár ávísanir/The ratio of the population receiving at least three prescriptions							
Bæði/both	49,9%	50,7%	51,7%	51,9%	52,5%	52,8%	52,3%
Karlar/males	41,0%	41,9%	43,2%	43,2%	43,8%	44,4%	43,9%
Konur/females	58,8%	59,5%	60,4%	60,8%	61,4%	61,5%	60,6%
Prósentuhlutfall af þjóðinni sem fékk a.m.k. fimm ávísanir/The ratio of the population receiving at least five prescriptions							
Bæði/both	37,0%	38,3%	38,7%	39,3%	39,7%	40,0%	39,6%
Karlar/males	28,9%	29,9%	30,9%	31,2%	31,7%	32,2%	31,9%
Konur/females	45,2%	46,6%	46,6%	47,6%	48,2%	48,3%	47,4%

Ath Lyfjanotkun folks a sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum kemur ekki fram í lyfjagagnagrunninum.

Heimild: Lyfjagagnagrunnur landlæknis, Hagstofa Íslands

Source: Icelandic Prescription Database, Statistics Iceland


Note: Prescriptions for people in hospitals and nursing homes are not included in the Icelandic Prescription Database

## Tafla 2. Fjöldi ávísana og notenda eftir 12 ATC flokkum árið 2009 og breyting frá 2008

*Number of prescriptions and users by 12 ATC groups in 2009 and change from 2008*


ATC	Flokkur/Group	Fjöldi ávísana/number of prescriptions		% breyting/change	Fjöldi notenda/number of users		% breyting/change
		2008	2009		2008	2009	
A	Meltingarfæra- og efnaskiptalyf	244970	238905	-2,5%	51402	51741	0,7%
B	Blóðlyf	81125	90679	11,8%	18017	20000	11,0%
C	Hjarta- og æðasjúkdómalyf	505217	542776	7,4%	61857	65005	5,1%
D	Húðlyf	96485	92317	-4,3%	52072	50045	-3,9%
G	þvagfæralyf, kvensjúkdómalyf og ky	182508	179377	-1,7%	56091	55309	-1,4%
H	Hormónalyf, önnur en kynhormónar	73868	77604	5,1%	25544	26531	3,9%
J	Sýkingalyf	248978	223055	-10,4%	124421	113261	-9,0%
L	Æxlihemjandi lyf og lyf til ónæmiste	13430	14439	7,5%	4046	4367	7,9%
M	Vöðvasjúkdóma- og beinagrindarlyf	157010	150905	-3,9%	66275	63041	-4,9%
N	Tauga- og geðlyf	963836	946357	-1,8%	105058	102818	-2,1%
R	Öndunarfæralyf	154167	155331	0,8%	61970	61689	-0,5%
S	Augn- og eyrnalyf	80847	78888	-2,4%	40465	38578	-4,7%

Heimild: Lyfjagagnagrunnur landlæknis  
Source: Icelandic Prescription Database




**Mynd 2. Lyfjaávísanir - fjöldi notenda eftir ATC flokkum, 2003–2009**


*Number of users by ATC group, 2003-2009*




**Mynd 3. Fjöldi ávísaðra dagskammta eftir ATC flokkum, 2003–2009**


*Number of prescribed DDD's by ATC group, 2003-2009*





Nýr notandi: Sá sem fékk ekki ávísad lyfi úr tilteknum lyfjahóp árið áður.  
New user: Those who did not receive a prescription from a certain medicine group the year before.





\* Geographical regions: Akureyri, East, Capital region, Reykjavík, Northeast, Northwest, South, Southwest, Westfjords, West.

\*\* Höfuðborgarsvæðið (Capital region): Kópavogur, Seltjarnarnes, Garðabær, Hafnarfjörður, Kjósarsýsla,

Seltjarnarneshreppur, Garðahreppur, Bessastaðahreppur, Mosfellsbær, Kjalarneshreppur, Kjósarhreppur.

**Tafla 3. Lyfjanotkun (DDD/1000 íbúa/dag) eftir ATC lyfjaflokkum á Íslandi og í Noregi árið 2009**  
*Medicine consumption (DDD/1000 inhabitants/day) by ATC-group in Iceland and Norway, 2009*

ATC	Helti	Ísland/Iceland			Noregur/Norway		
		Sale	Ávísad	Hlutfall	Sale	Prescribed	Hlutfall
A	Meltingarfæra- og efnaskiptalyf	135,9	108,0	79,5%	266,6	119,1	44,7%
B	Blóðlyf	103,2	45,2	43,8%	122,5	113,1	92,3%
C	Hjarta- og æðasjúkdómalyf	370,0	338,2	91,4%	398,2	390,0	97,9%
D	Húðlyf	77,8	34,9	44,8%	-	1,8	-
G	Þvagfæralyf, kvensjúkdómalyf og kynhormónar	122,4	112,7	92,1%	95,9	88,5	92,4%
H	Hormónalyf, önnur en kynhormónar	31,6	32,0	101,4%	42,5	36,0	84,7%
J	Sýkingalyf	23,1	19,2	83,2%	22,7	16,8	73,9%
L	Æxlishemjandi lyf og lyf til ónæmistemprunar	11,6	8,3	71,8%	14,7	13,0	-
M	Vöðvasjúkdóma- og beinagrindarlyf	83,7	55,3	66,1%	59,0	45,0	76,3%
N	Tauga- og geðlyf	319,3	259,1	81,1%	224,1	185,3	82,7%
R	Öndunarfæralyf	109,1	81,2	74,4%	182,1	134,3	73,7%
S	Augn- og eyrnalyf	10,5	9,8	92,8%	19,9	18,6	93,7%
V	Ýmis lyf	0,1	0,1	105,9%	-	0,1	-


Skýringar: Sala = söltölur í heild (stofnanir og lyfslustaðir), Ávísad = tölur úr lyfjagagnagrundi hvers lands, Hlutfall(%) = ávísad/sala

Sale=total sales data (pharmaceuticals in hospitals and prescribed pharmaceuticals), Prescribed=data from drug registers of each country, ratio (%)=prescribed/sale


Heimild: Lyfjagagnagrundur landlæknis, Hagstofa Íslands, <http://www.reseptregisteret.no>, <http://www.legemiddelforbruk.no>.

Source: Icelandic Prescription Database, Statistics Iceland, <http://www.reseptregisteret.no>, <http://www.legemiddelforbruk.no>

**Mynd 7. Fjöldi notenda lyfseðilskylda geðlyfja á Íslandi og í Noregi árið 2009**  
*The number of consumers of psycholeptics and psychoanaleptics in Iceland and Norway in 2009*



**Mynd 8. Ávísanir þunglyndislyfja á Íslandi og Noregi 2005 – 2009**  
*The prescription of medicines for depression in Iceland and Norway in 2009*



## Niðurlag

Heildarfjöldi ávísana á Íslandi árið 2009 breyttist lítið frá árinu 2008 en töluverðar sveiflur voru innan einstakra lyjfaflokka (tafla 2). Fjöldi notenda jókst mest (11%) í flokki blóðlyfja en fækkaði mest í flokki sýkingalyfja (9%) og er hugsanleg skýring á því hátt verðlag og greiðsluþátttaka Sjúkratrygginga Íslands. Það er hins vegar eftirtektarvert að aukning dagskammta var 2,26% enda þótt fjöldi notenda minnkaði um 0,24%. Fækkan notenda skýrist að hluta til af því að í fyrsta skipti í mörg ár fækkaði landsmönnum á milli ára. Aðrir þættir hafa einnig áhrif eins og breyting á aldurssamsetningu þjóðarinnar, en á mynd 1 sést hvernig lyfjaávísunum fjölgar með hækkandi aldri. Hafa ber í huga að hlutfall ávísana virðist lækka í elstu aldurshópunum vegna þess að lyfjanotkun þeirra sem fara inn á dvalar- eða hjúkrunarheimili fyrir aldraða kemur ekki fram í lyfjagagnagrunni landlæknis yfir ávísuð lyf.

Flestir þeirra sem fengu ávísað lyfjum, fengu lyf í flokki sýkingalyfja en mestur fjöldi dagskammta var í flokkum hjarta- og æðasjúkdómalyfja og geðlyfja (myndir 2 og 3).

Í samanburði milli Íslands og Noregs kemur í ljós að á Íslandi er hlutfall ávísaðra lyfja af heildinni með öðru sniði en í Noregi. Reyndar er erfitt að bera saman lyfjaflokka í heild þar sem munur er á því hvaða lyf eru ávísanaskyld í löndunum tveimur. Mestur er munurinn í flokki meltingarfæra- og efnaskiptalyfja, en í Noregi eru til dæmis lyf við tannátu (natriumfluoríð) og C-vítamín hluti af þessum flokki. Talsvert hefur verið rætt um mikla þunglyndislyfjanotkun hér á landi, en fram kemur í skýrslu OECD að árið 2007 hafi notkun þeirra lyfja verið mest á Íslandi af öllum OECD-ríkjunum. Notkunin í Noregi var þá líka ofarlega, en fram kemur á mynd 8 að ávísanir þunglyndislyfja hafi lítið breyst á Íslandi og í Noregi undanfarin ár.

**Heimildir:**

Lyfjagagnagrunnur landlæknis

<http://www.legemiddelforbruk.no>

<http://hagstofa.is>

<http://lyfjastofnun.is>

<http://www.reseptregisteret.no>